

Nefndasvið Alþingis

utanríkismálanefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

30. janúar 2004

Skjalanúmer: 110-0

Tilvísun: U20031200069/kg

Frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið, ný aðildarríki, 338. mál

Vísað er til erindis utanríkismálanefndar, dags. 10. desember sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið, ný aðildarríki, 338. mál.

Umhverfismál eru viðamikill þáttur málefna sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og um 40% þeirra gerða Evrópusambandsins sem undir samninginn falla tengjast beint starfsemi Umhverfisstofnunar. Vinna við lögleiðingu tilskipana og annarra tilmæla ESB, ásamt eftirfylgju þeirra mála er umtalsverður hluti starfsemi stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun telur að þær viðbætur sem nú eru áætlaðar breyti ekki í eðli sínu starfssviði samningsins eða stofnunarinnar. Hins vegar má gera ráð fyrir fjölgun mála sem koma til kasta stofnunarinnar vegna stækkunar sambandsins og þar með aukins álags og kostnaðar. Auk framangreindra atriða má hér tilgreina samræmt eftirlitskerfi með efnun og efnanotkun, matvælum og matarsýkingum og bráðamengun sjávar.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki er gert ráð fyrir þeim kostnaði sem fylgir framangreindum atriðum í greinargerð fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem fylgir með frumvarpinu. Stofnunin telur að frumvarpinu muni fylgja umtalsverður kostnaðarauki í stjórnslunni sem verði að taka tillit til.

Virðingarfyllst,

Davíð Egilson
Gísladóttir

forstjóri

Sigurbjörg

forstöðumaður